

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs – armann@kopavogur.is
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar – asgerdur@seltjarnarnes.is
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur – dagur@reykjavik.is
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar – gunnar@gardabaer.is
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar – hlh@hafnarfjordur.is
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar – haraldur@mos.is

Anný Berglind Thorstensen, fulltrúi Kópavogs í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – anny.thorstensen@arionbanki.is
Eva Einarisdóttir, fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – eva.einarsdottir@reykjavik.is
Björg Fenger, fulltrúi Garðabæjar í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – bjorgfenger@gmail.com
Magnús Örn Guðmundsson, fulltrúi Seltjarnarness í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – magnusorn@gmail.com
Pétur Óskarsson, fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – peturo@hafnarfjordur.is
Theódór Kristjánsson, fulltrúi Mosfellsbæjar í stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins – teddi@mos.is

Áskorun um úrbætur á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins Opið bréf 7. febrúar 2018

Við undirrituð, formenn skíðafélaga á höfuðborgarsvæðinu, skorum á borgar- og bæjar- yfirvöld að bregðast við óviðundandi ípróttaaðstöðu á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og Skálafelli. Veita þarf strax fjármagni til viðhalds á núverandi lyftubúnaði, svara ákalli um aukið snjóöryggi með snjóframleiðslu og tæki til göngusporagerðar auk þess að ráðast án tafar í nauðsynlega endurnýjun á lyftubúnaði. Í kjölfarið þarf að ráðast í frekari framtíðar- uppbyggingu.

Fjármagni til skíðasvæðanna hefur í áratugi verið svo nauamt skammtað að nú er svo komið að flestar lyftur á skíðasvæðunum tveimur eru óstarfhæfar, bilaðar eða bila oft. Þær eru enda flestar eldri en 30 ára og löngu úreltar þannig að það er vandkvæðum bundið að fá í þær varahluti. Þetta er staðan þrátt fyrir góðan vilja og ásetning starfsmanna Bláfjalla og Skálafells sem gert hafa sitt besta við erfiðar rekstraraðstæður og unnið með skíðafélög- unum af heilindum.

Börnum og unglíngum hefur verið gert að æfa skíði við lélegar aðstæður í sömu brekkum og almenningur skíðar í. Erlendis teljast eðlilegar öryggisráðstafanir að afmarka og aðgreina æfingabrautir frá skíðabrekkum almennings til að gæta öryggis allra. Bláfjallasvæðið annar hvorki almenningi né skíðafélögum á fjölsóttum skíðadögum.

Samgöngum til og frá skíðasvæðunum hefur verið mjög ábótavant, þannig að hætta hefur skapast. Fyrir skömmu skapaðist til að mynda mikil hætta og umferðaröngþveiti við gatnamót Suðurlandsvegar og Bláfjallaafleggjara vegna mikillar hálfu á afleggjaranum. Auðvelt ætti að vera að bæta þar úr með reglulegri umhirðu vegarins, söltun og söndun. Afleggjari upp að Skálafelli er einungis vegslóði, ekki tvíbreiður, og bílastæði þar anna ekki fjölda gesta.

Við förum fram á tafarlaugar aðgerðir sveitarfélaganna varðandi framtíðaruppbyggingu skíðasvæða fyrir íþróttamenn, almenning og jafnvel ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu. Skíðasvæðið í Skálafelli hefur verið opið fáa daga síðustu ár og viðhald eða uppbygging þar lítil sem engin. Skíðasvæðið í Bláfjöllum hefur verið stillt upp í umræðu sem olnbogabarni á jaðarvatnsverndarsvæði, lyftur og skíðabrekkur aflagðar án nýfjárfestinga í lyftum eða annarri aðstöðu.

Skíðaíþróttin er almenningsíþrótt og vinsæl fjölskylduskemmtun sem hefur verið í miklum uppgangi síðustu ár, hvort heldur sem horft er til alpagreina, skíðagöngu eða fjallaskíðaiðkunar, auk þess sem allstór hópur barna og unglunga æfir hjá brettadeildum. Síðustu þrjú til fimm ár hafa að meðaltali tæplega 1.000 manns mætt á skíðasvæðin hvern opnunardag og hafa heimsóknir verið um 65.000-96.000 á hverjum vetri. Það er ekki vafi að aðsókn væri enn meiri ef rekstraröryggi svæðanna væri tryggt með snjóframleiðslu, líkt og þykir sjálfsögð hjá þeim þjóðum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við. Akureyrarbær og smærri sveitarfélög norðan heiða hafa einnig nýtt sér snjóframleiðslu með góðum árangri undanfarin ár til hagsbóta fyrir iðkendur og almenning.

Íþróttamannvirki á borð við sundlaugar, knattspyrnuhallir, önnur íþróttahús og golfvelli hafa verið byggð fyrir milljarða síðustu áratugin, en á sama tíma hefur aðstaða skíðaiðkenda verið í niðurníðslu. Við núverandi ófremdarástand verður ekki unað og skorum við á yfirvöld að bregðast strax við með afgerandi hætti þannig að í nágrenni stærsta þéttbýliskjarna landsins verði til staðar boðleg aðstaða til skíðaiðkunar.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. Skíðaráðs Reykjavíkur
Guðmundur Jakobsson
formaður

F.h. Skíðadeildar Fram
Runólfur Geir Benediktsson
formaður

F.h. Skíðadeildar Víkings
Hrefna Hrólfsdóttir
formaður

F.h. Skíðadeildar Ármanns
Hörður Þorvaldsson
Formaður

F.h. Skíðadeildar ÍR
Gísli Reynisson
formaður

F.h. Skíðagöngufélagsins Ullar
Hugrún Hannesdóttir
formaður

F.h. Skíðadeildar Breiðabliks
Hallgrímur Davíð Björnsson
formaður

F.h. Skíðadeildar KR
Guðmundur Guðjónsson
formaður